

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

38. FUNDAR SVEITARSTJÓRNAR SÚÐAVÍKURHREPPS KJÖRTÍMABILID 2022-2026

Árið 2025, föstudaginn 28. nóvember kl. 8:30, var haldinn 38. fundur sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps kjörtímabilið 2022-2026 í Álftaveri – Grundarstræti 1.

Mættir voru á fundinn:

Kristján Rúnar Kristjánsson, Jónas Ólafur Skúlason, Dagbjört Hjaltadóttir, Anne Berit Vikse og Bragi Þór Thoroddsen.

Bragi Þór Thoroddsen sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Oddviti bauð fundinum, að gættri fundarboðun, að ganga til dagskrár.

Dagskrá og afgreiðsla erinda:

1. Skýrsla sveitarstjóra fyrir 38. fund sveitarstjórnar
Skýrsla sveitarstjóra kynnt og rædd.
Varðandi erindi frá Róbert Mayusyni um lán á klukku úr stjórnsýsluhúsi til notkunar í listviðburði telur sveitarstjórn óhjákvæmilegt að fresta þeirri ákvörðun, þar sem rannsóknarnefnd Alþingis hefur ekki enn lokið störfum við skoðun á snjóflóðunum í Súðavík 1995 og klukkan hefur m.a. verið gagn við rannsóknarvinnu.
2. Erindi til hreppsnefndar – tp. dags. 22.10.2025 – Raggagarður – beiðni um styrk fyrir starfsmann frá 10. júní – 25. ágúst 2026
3. Úrgangsmál – tilboð frá Pure North um ráðgjöf í úrgangsmálum
Sveitarstjórn leggur til að tilboðinu verði tekið og að málaflokkurinn verði skoðaður með lausnir í úrgangsmálum í huga.
4. Listasýning í Súðavík – erindi sbr. tölvupóst Róbert Mayuson dags. 21.11.2025
Erindi frestað til næsta fundar með vísan til skýrslu sveitarstjóra.
5. Barnadagskrá heyrnarlausra – erindi sbr. tölvupóst dags. 19.11.2025
Sveitarstjórn leggur til að tekið verði jákvætt í erindið og leggur til 50 þúsund króna styrk.
6. Svæðisskipulag Vestfjarða – tillaga til auglýsingar
Kynning fyrir sveitarstjórn sem leggur til að sveitarstjórn afgreiði erindið á næsta fundi sveitarstjórnar.
7. Fjárhagsáætlun Súðavíkurhrepps 2026 – síðari umræða
Dagbjört vék af fundi undir þessum lið kl. 11:00
Anne Berit vék af fundi undir þessum lið kl. 12:00
Fjárhagsáætlun Súðavíkurhrepps 2026 samþykkt.
8. Gjaldskrár Súðavíkurhrepps – yfirferð og umræða
Frestað til næsta fundar til afgreiðslu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:40

Bragi Þór Thoroddsen
Bragi Þór Thoroddsen

Jónas Ólafur Skúlason
Jónas Ólafur Skúlason

Anne Berit Vikse

Dagbjört Hjaltadóttir

Kristján Rúnar Kristjánsson
Kristján Rúnar Kristjánsson oddviti

